



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Skipulagsstofnun, svið umhverfismats
b/t Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Borg, 4. nóvember 2022

Efni: Umsögn vegna efnistöku í Seyðishólum.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur tekið til efnislegrar umfjöllunar, þann 2. nóvember 2022 bréf yðar dags. 2. september þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um skýrslu Suðurtaks ehf um á umhverfisáhrifum efnistöku í Seyðishólum. Eftirfarandi er bókun sveitarstjórnar:

6. Efnistaka í Seyðishólum, beiðni um umsögn.

Fyrir liggur beiðni Skipulagsstofnunar dagsett 2. september 2022 um umsögn varðandi umhverfismatsskýrslu um efnistöku í Seyðishólum.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gerir ekki athugasemd við framlagða umhverfismatsskýrslu vegna efnistöku í Seyðishólum. Að mati sveitarstjórnar er með fullnægjandi hætti gerð grein fyrir helstu þáttum er varðar umhverfisáhrif framkvæmdarinnar ásamt mótvægisáðgerðum og vöktun. Allar framkvæmdir innan svæðisins eru háðar útgáfu framkvæmdaleyfis af hálfu sveitarfélagsins og eftir atvikum byggingarleyfa. Auk þess getur komið til þess að sveitarstjórn fari fram á gerð deiliskipulags sem tekur til viðkomandi efnistökusvæðis þar sem ítarlegri framkvæmdaheimildir innan þess verða skilgreindar.

Tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar



SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS

Jóa Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Johanna.H.Einarsdottir@skipulag.is
skipulag@skipulag.is

Selfossi, 24. október 2022
2209012HS SG

Efni: Seyðishólar, efnistaka - Umsögn um framkvæmd

Þann 2. september sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst Skipulagsstofnunar, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar efnistöku í Seyðishólum, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Um er að ræða efnisnám sem hófst um 1950 og er skv. mælingum búði að vinna alls um 450 þús m³ úr námunni frá upphafi. Áform eru um að taka úr námunni allt að 500 þús m³ á næstu 15 árum eða um 33 þús m³ á ári að meðaltali. Hluti af því fari í útflutning.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir efnistöku úr malarnámum sem og steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Umrædd náma skilaði inn umsókn um starfsleyfi 13. október sl. og er það í vinnslu hjá embættinu.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

Skipulagsstofnun
Jóhanna H. Einarisdóttir
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. október 2022
Málsnúmer: 202209-0003
LA

Efni: Umsögn varðandi mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku í Seyðishólum

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 2. september 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfismatsskýrslu framkvæmda Suðurtaks ehf. er varðar áframhaldandi efnisnám úr Seyðishólum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir umhverfismatsskýrslu framkvæmdar og fylgiskjöl.

Frá upphafi efnistöku (sem hófst 1950) í Seyðishólum til dagsins í dag er áætlað að búið sé að taka um 450.000 m³ af gjalli úr námu E30b. Fyrirhugað er að á næstu 15 árum verði gjallnám allt að 500.000 m³ til viðbótar eða um 33.000 m³ á ári að meðaltali. Fram kemur að vinnslan verður fyrst og fremst háð eftirspurn, en gert er ráð fyrir að 20-25.000 m³ af gjalli fari árlega í útflutning eða um 76% af árlegri meðal efnistöku.

Í dag er námusvæðið um 3,5 ha að stærð en verður í heild 4,4 ha eftir að áformaðri efnistöku er lokið. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri áfangaskiptingu í efnistöku innan námunnar. Heildaráhrif áframhaldandi efnistöku eru metin óveruleg.

Í vandaðri greinargerð um jarðfræði svæðisins er Grímsneseldstöðvakerfinu, eldvirkni og gosmyndunum, gerð góð skil og verndargildi Seyðishóla metið út frá aðferðafræði sem Náttúrufræðistofnun vinnur með.

Efnistaka úr Seyðishólum síðustu áratugi hefur vissulega raskað merkurum gosminjum sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum, en Seyðishólar eru þrátt fyrir það metnir með hátt verndargildi á landsvísu þar sem um er að ræða óvenjulega eldvirkni í jaðri gosbeltis. Innan Grímsneskerfisins eru 12 eldstöðvar og eru Seyðishólar stærst þeirra. Kerhóll er eini gígurinn sem er nær óraskaður en frístundabyggð sunnan við gíginn hefur áhrif á ásýnd og jarðminjaheild. Kerhóll er á náttúruinjakrá en hefur ekki verið friðlýstur og nýtur því lágmarks verndar. Gígurinn er frábrugðinn Seyðishólum er varðar bæði gerð og aldur, en báðir eru þeir hluti af stærri heild sem hefur verið mikið raskað innan svæðisins.

Þrátt fyrir efnistöku í Seyðishólum hefur svæðið samt sem áður hátt vísindagildi og eins og fram kom í greinargerð hefur naman vakið áhuga jarðvísindafólks, kvikmyndatökufólks og ferðamanna.

Líkja má Seyðishólum á margan hátt við Rauðhóla í Heiðmörk sem er mikið raskað svæði eftir efnistöku úr gervigígum. Rauðhólar voru fyrst friðlýstir sem náttúruvætti 1961 og sem fólkvangur 1974 og er svæðið vinsælt útivistarsvæði í dag. Verndargildi Rauðhóla felst fyrst og



fremst í vísinda- og fræðslugildi. Raskið hefur opnað tækifæri fyrir vísindamenn að skoða innri gerð gervigíga með góðu aðgengi. Í greinargerð um jarðfræði Seyðishóla er bent á sambærilegt.

Frágangur námasvæðisins er mikilvægur og að staðið sé vel að þeim framkvæmdum. Eins þarf að ganga almennilega frá efnisnámunum tveimur austan við Seyðishóla, en sem tilheyra öðrum eigendum. Þá þarf að koma í veg fyrir að skógrækt í nánasta umhverfi hafi áhrif á ásýnd og landform gíganna.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að gæta þurfi varúðar í sambandi við olíumengun eða annarra spilliefna innan námusvæðisins vegna hættu á mengun grunnvatns, vatnsbóla, innan Grímsnessvæðisins. Gera þarf kröfur um reglulega vöktun innan námusvæðisins.

Niðurstaða Náttúrufræðistofnunar er að þó að fyrirhuguð efnistaka muni vissulega stækka umfang námusvæðisins og raska jarðminjum meira, þá mun það samt hafa takmörkuð áhrif á núverandi ásýnd og gildi svæðisins sem heild. Hins vegar leggur stofnunin til að þeir aðilar sem eiga námuréttindi við Seyðishóla setji sér takmörk á heildarefnistöku. Ef við viljum ekki glata Seyðishólum til frambúðar þarf að skilgreina þau takmörk. Ef miðað er við núverandi áform ætti að meta hvort ekki sé ástæða til að nema staðar þar og eftir að efnistökkunni lýkur að vernda það sem eftir stendur (t.d. með friðlýsingu) á þeim grundvelli að varðveita gosmyndanir sem eru mikilvægur þáttur í sögu eldvirkni Grímsneskerfisins og sem eru merkileg á landsvísu, auk þess að varðveita jarðbreytileika svæðisins. Í því sambandi verður að horfa á svæðið heildstætt, þ.e. að allar námur séu teknar með. Náttúrufræðistofnun leggur einnig til að á næstu árum komi landeigendur sér saman um að friðlýsa Kerhól og það sem eftir er af Seyðishólum og er stofnunin reiðubúin að aðstoða við þá vegferð.

Í lokin er bent á að á bls. 10 stendur að Seyðishólagjallið sé með alþjóðlega umhverfisvottun, Environmental Product Declaration eða EPD. EPD stendur ekki fyrir umhverfisvottun heldur er um að ræða umhverfislýsingu á vöru (https://www.graennibyggd.is/_files/ugd/54e708_2f9f0f80885a470bbc996b79ce80f730.pdf).

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur



Grímssnesi 19. október 2022

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 Reykjavík

Varðar: MATSÁÆTLUN VEGNA SEYÐISHÓLA Í GRÍMSNESI

Ég Guðrún M Njálsdóttir er formaður Samlagsstjórnar en í þessa stjórn eru kosnir fulltrúar úr 4 frístundabyggðum sem öll eru staðsett við umrædda Seyðishóla en samtals eru 244 lóðir á þessum svæðum

Stjórnin annast uppbyggingu og viðhald á “gömlu Biskupstungnabrautinni“ nú nefndur Samlagsvegur en veginn hafa félögin fengið til umráða.

Eftir lestur síðari matsáætlunar verktaka viljum við endurtaka allt það sem áður kom fram og bæta við að teljum nýja matsáætlun verktaka litast af því að fegra þessa framkvæmd og halda t. d. því fram að hús sem snúa bakhlið að Seyðishól séu skemmd vegna vega á svæðinu er fáránleg því að það er malbikaður vegur aftan við þessi hús þar sem keyrt er inn á svæðið og úr honum fýkur ekki gjall.

Fyrst og fremst erum við standandi hissa á að sveitarstjórn, Landvermd og Minjastofnum skuli ekki leggja meira á móti því að aftra óafturkræfum skemmdum á Seyðishól sem eins og svo oft áður er eitt falletta kennileiti.

En græðgisstefnan virðist verða ofan á og því mótmælum við enn og aftur

Eftir lestur matsáætlunnar viljum við koma á framfæri megnustu óánægju okkar með það mikla magn sem farið er fram á að taka eigi úr núverandi námu. Seyðishólar er með fallettustu kennileitum Grímssnessins og stefna þeirra sem taka svona ákvarðanir ætti skilyrðislaust að vera að verja Seyðishólinn til jafns við Kerhólinn sem er nokkur hundruð metra frá og má ekki snerta.

Fram kemur að aukning á efnistöku verði um 74%, þ.e. að taka um 500 þús.m³ næstu fimmtán árin – 33 þús.m³ á ári.

Ef litið er á sögu þessarar námu þá hafa verið tekin 450 þús.m³ á síðustu **72 árum** en nú er óskað eftir 500 þús.m³ á næstu **15 árum** sem ætlað er að mestu til útflutnings.

Það hlýtur að vega hærra að **halda áfram sömu magntöku** og verið hefur enda ekki hægt að bjóða frístundabyggðurm við rætur Seyðishólsins og frístundabyggðurm við Búrfellsveginn upp á meira ónæði en verið hefur í gegnum árin.

Hvað með það náttúrusjónarmið að eyðileggja ekki okkar fallettur náttúru.?

Náma eða námusvæði sem merkt er 30b er mjög nálægt veginum inn í Kerhraunið og í næsta nágrenni eru hús í Kerhrauni E sem verða illilega fyrir barðinu á vikri sem fýkur úr námunni í miklu roki á öllum árstímum og veldur skemmdum á húsum og gleri. Gerum við þá kröfu að gjallfok úr Seyðishólnum sé skoðað að vetri til í roki. Seyðishóllinn og allt umhverfið líka skiptir fljótt um lit í miklu roki og allt verður rauðbrúnt. Viljum við einnig benda á sjónræna hlutann og truflunina frá námuvinnslunni.

Í matsáætluninn er vægast sagt lítið gert úr aukinni hávaðamengun þó reiknað sé með 10 bílum á dag sem keyra frá námunum og út á Búrfellsveg – þ.e. rúmlega 1 bíll á klst.

Hvað með aukna vinnslu inni í námunni, lítið gert úr því að vinnuvélum og mokstursvélum fylgi hávaði og ryk. Þetta þarf að skoða vel af aðilum sem taka ákvörðun um málið.

Það er bara ekki ALLTAF hægt að hugsa um gróðahliðina, GOGG hefur samþykkt deiliskipulög allt í kringum Seyðishólana og þessar frístundabyggðir færa þeim gríðarlegar tekjur í formi fasteignagjalda.

Við förum fram á að sérstaklega verði metin aukin hávaðamengun, loftmengun og sjónmengun.

Aðgerð sem þessi er óafturkræft sjónrænt séð og munum að Seyðishólarnir eru sýnilegir strax og keyrt er upp í Grímsnesið svo ekki sé nú talað um það mikla sár sem þá þegar er og verður enn stærra við stækkun námunnar í 4,4 ha.

Óska eftir skriflegu svari og rökum

Með kveðju,

Guðrún Njálsdóttir

formaður Samlagsstjórnar

Skipulagsstofnun Borgartún 7b 105 Reykjavík

Varðandi: Seyðishóla í Grímsnesi og Grafningshreppi – mótmæli

Við undirritaðir, eigendur að Ker hótél ehf kt 540394-2459, sem á 20 hektara land með 52 þjónustulóðum fyrir orlofsbyggð fyrir neðan Seyðishóla.

Við mótmælum um áform um að veita leyfi fyrir aukningu til efnistöku í Seyðishólum.

Gert er ráð fyrir aukningu á efnistöku um 74%, þ.e. að taka um 500 þús.m³ næstu fimmtán árin – 33 þús.m³ á ári. Svæði 30b er mjög nálægt okkar byggð og höfum miklar áhyggjur á hvaða áhrif það hafi á umhverfið að ráðast meira á þennan fallega hól sem á sé sérstaka sögu. Síðan er spurning um, sjónmengun, loftmengun, hávaðamengun vegna vinnuvéla á þessum friðsæla stað þar sem við rekum ferðaþjónustu og einnig eru fjölda sumarhúsa í nálægð við Seyðishóla.

Við eigum ekki orð yfir þessari fíranlegu hugmynd að stækka námunna og auka efnistöku sem á að mestu að flytja úr sveitafélaginu og fórna þessum sérstöku minjum sem eru 5000-6000 ára. Einnig viljum við benda á að Biskuptungnabraut er hættulegur vegur í lélegu ástandi og þar er standlaus umferð af ferðamönnum sem keyra gullna hringinn.

Reykjavík 19.10.2022

Ísak V. Jóhannsson og Inga Sigurjónsdóttir

www.kerbyggd.is

Sjá myndir hér að neðan af Kerbyggð með Seyðishóla bakvið.





Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. september 2022
UST202209-038/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Umhverfismatskýrsla. Efnistaka í Seyðishólum.
Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda efnistöku.

Umhverfisstofnun telur að sú áætlun um viðskilnað við svæðið að þeirri efnistöku lokinni sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir nánast sömu ásýnd svæðisins eða nokkuð verri en er í dag sem að áliti Umhverfisstofnunar er til lýta. Gera þarf frekari kröfur um viðskilnað svæðisins þannig að þegar þeim áfanga efnistökkunnar sem hér um ræðir lýkur verði ásýnd svæðisins slík að unnt verði að hætta efnistöku ef vilji verður til þess. Umhverfisstofnun bendir á að Skipulagsstofnun samþykkti matsáætlunina með þeim skilyrðum að í umhverfismatskýrslu yrði gerð grein fyrir frágangi svæðisins að vinnslutíma loknum. Umhverfisstofnun telur að ekki sé gerð grein fyrir frágangi með fullnægjandi hætti í skýrslunni.

Umhverfisstofnun telur að nú sé náman lýti í landinu og muni verða það áfram. Það er skiljanlegt að útlit námunnar er slíkt sem það er vegna annarra sjónarmiða varðandi umgengni um landið sem ríkti á sínum tíma þegar efnistaka hófst þarna fyrir 70 árum.

Hér er um jarðmyndun að ræða sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Í skýrslunni segir að Seyðishólum hafi þegar verið raskað á óafturkræfan hátt og það sé því mat skýrsluhöfunda að 61. gr. náttúruverndarlaga eigi ekki við í þessu tilfalli. Umhverfisstofnun bendir á að það er ekki matsatriði hvort 61. gr. eigi við um Seyðishóla. Seyðishólar eru gjall- og klepragígur sem nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Einnig bendir stofnunin á að þrátt fyrir að svæðinu hafi verið raskað þá réttlætir það ekki frekara rask.

Í skýrslunni kemur fram að áhrif áframhaldandi vinnslu gjalls í námunni muni hafa lítil sem engin áhrif á jarðmyndanir svæðisins umfram það sem orðið er. Umhverfisstofnun getur ekki tekið undir það þar sem áætlað er að rúmlega tvöfalda það heildarefnismagn sem tekið hefur verið síðastliðin 50 ár á næstu 15 árum.

Það hljóta að teljast umtalsverð umhverfisáhrif hvernig gengið hefur verið um námuna til þessa og munu verða umtalsverð umhverfisáhrif vegna frekari skerðingar á jarðmynduninni ef efnistakan verður með þeim hætti sem lýst er í umhverfismatskýrslunni og skilið verður við svæðið þannig að ráðast þarf í frekari efnistöku að fyrirhuguðum vinnslutíma loknum til að móta jarðmyndunina og milda

ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun telur að aðgerð sem felst í því að móta svæðið að nýju muni verða sýnilegt um nokkurn tíma sérstaklega vegna litamunar á öröskuðu og röskuðum hluta þar sem jarðmyndunin hefur verið mótuð að nýju. Það er ljóst að sú aðgerð verður sýnileg en hér þarf að líta til lengri tíma jafnvel 50-100 ára. En á endanum má gera ráð fyrir að svæðin veðrist saman og jafnvel að unnt verði að ráðast í aðgerðir til að jafna litamun á nýrri landmótun og upprunalegri ásýnd hólanna. En mestu máli skiptir að unnt verði að skilja sómasamlega við svæðið þegar umræddri efnistöku lýkur.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur